

**Sp. 190. Tillaga til þingsályktunar**

um bókasafn menntaskólans í Reykjavík.

Flm.: Jóhann G. Möller.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar skrásetja bókasafn menntaskólans í Reykjavík og gera það aðgengilegt til afnota.

**Ástæður.**

Þessi þingsályktunartillaga er flutt vegna þess, að bókasafn það, er hér um ræðir, hefur að geyma mikil bókleg verðmæti, sem lítt hefur verið hirt um nú um langt skeið. Enn fremur hefur safnið mikið minjagildi fyrir oss Íslendinga, þar sem þar er saman kominn nokkur hluti bókakosts hinna gömlu skóla biskupsstólanna, Hóla- og Skálholtsskóla, og Bessastaðaskóla. En eins og nú er komið þessu bókasafni, þá er það hulinn fjársjóður, enginn veit í rauninni með vissu, hvað í safninu er, þar sem ekki er til nein heildarskrá um safnið. Í annan stað er allt of þröngt um safnið í skáprúmi því, sem nú er, en það má auka hæglega í þessum húsakynnum, sem safnið hefur til umráða.

Er flm. þessarar þingsályktunartillögu kunnugt um, bæði af eigin sjón og af frásögnum þeirra, er til þekkja, að safnið er í mikilli niðurniðslu og hefur legið að nokkru undir stórskemmdum. Flm. hefur og orðið var við, að töluverðrar óánægju hefur gætt meðal menntamanna í bænum út af þessu ófremdarástandi safnsins, og virðist, að öllum málavöxtum athuguðum, full ástæða vera til, að hafizt verði handa um að gera safninu þau skil, sem venja er við bókasöfn, að það sé skrásett og fái þann aðbúnað, er því sómir og full tók eru á án nokkurs verulegs kostnaðar.

Þetta mál er í fyllsta máta menningarmál, sem of lengi hefur verið vanrækt. Það er Íslendingum einnig metnaðarmál að sýna þeim verðmætum, sem í safni þessu eru, fulla rækt, einkum með tilliti til þess, að í ráði er að byggja nýtt skólahús. En hvað sem því líður, þá þolir endurbót skólasafnsins enga bið, ef ekki á að hljóttast meira tjón á því en þegar er orðið.